

SAMSTARFSSAMNINGUR

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og Tannlæknafélag Íslands (TFÍ) um aðkomu tannlækna að málefnum er varða rammasamning SÍ og tannlækna um tannlækningar fyrir aldraða og öryrkja, dags. 23. ágúst 2018.

Aðilar skulu skipa samstarfsnefnd sem sinnir þeim verkefnum sem tilgreind eru í samningi þessum auk annarra álitamála sem SÍ eða tannlæknir sem starfar skv. rammasamningnum óskar eftir að tekin verði til úrlausnar vegna rammasamningsins. Samstarfsnefnd setur sér starfsreglur og birtir þær.

Hvor aðili um sig tilnefnir tvo fastamenn í samstarfsnefnd. Hvor aðili fyrir sig getur auk þess bætt við einum manni (ad hoc, t.d. frá viðkomandi sérgrein) eftir málefnum.

Hlutverk samstarfsnefndar er m.a. eftirfarandi:

1. Leggja mat á þjónustubörf og framboð eftir landssvæðum.
2. Yfirfara breytingar á gjaldskrá. Hvor aðili um sig getur lagt fram tillögur um breytingar á tannlæknisverkum, ný tannlæknisverk eða að fella verk út af gjaldskrá samningsins. Tillögu um nýtt verk/breytingu þarf að fylgja skilgreining á viðkomandi verki, hvort verk komi í stað annarra verka í gjaldskrá, hvort um gagnreynda læknisfræði er að ræða og ábendingar um notkun verksins svo og áætlun um fjölda og kostnað. Aðilar geta í sameiningu útbúið skilgreiningar (lýsingar) í samræmi við klínískar leiðbeiningar og ábendingar ef fallist er á að nýtt verk fari inn á gjaldskrá samningsins.
3. Fjalla um álitamál sem kunna að koma upp vegna samskipta sjúklinga og tannlækna.
4. Gera tillögur í öðrum málum er upp kunna að koma í samskiptum SÍ og tannlækna.
5. Fjalla um mál sem snúa að eftirliti með einstökum tannlæknum eða hópi tannlækna ef SÍ óska eftir því.
6. Eiga faglegt samstarf. Hvor aðili fyrir sig getur óskað eftir fundi um önnur fagleg mál, en að ofan greinir.
7. Yfirfara breytingar á starfsumhverfi. Verði verulegar breytingar á starfsumhverfi tannlækna getur hvor aðili um sig óskað eftir að samstarfsnefndin fjalli um málið. Ef ekki fæst niðurstaða skal málinu vísað til samninganefnda TFÍ og SÍ.

Framlag TFÍ skv. samningi þessum er SÍ að kostnaðarlausu, nema um annað sé samið sérstaklega.

Samningur þessi gildir frá 1. september 2018 og má segja upp með 3 mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 23. ágúst 2018

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

Steinbjörn Björnsson
Ólafur Björnsson
Ólafur Björnsson
Ólafur Björnsson
Ólafur Björnsson

F.h. Tannlæknafélags Íslands

Ólafur Sigurðsson
Ólafur Sigurðsson
Ólafur Sigurðsson
Ólafur Sigurðsson
Ólafur Sigurðsson

Sameiginlegar bókanir.

Bókun I.

Þar sem skilyrði tannlækninga aldraðra og öryrkja skv. rammisamningi og gjaldskrá SÍ er skráning hjá tannlækni er mikilvægt að skráningin og breytingar á henni sé framkvæmanleg með öruggum og skilvirkum hætti. Sjúkratryggðir einstaklingar munu þannig geta skráð sig og breytt skráningu í réttindagátt SÍ og tannlæknar í gagnagátt SÍ. Í báðum tilvikum mun réttindastaða hins sjúkratryggða uppfærð í rauntíma.

Samkomulag er um eftirfarandi til að auðvelda innleiðingu og uppfærslu á sjúkratryggingaskránni:

- SÍ útbúa fyrir gildistöku samningsins skrá eftir tannlæknum yfir alla þá sem hafa notið þjónustu þeirra eftir 1. janúar 2017.
- Tvískráðir einstaklingar verða taldir með óskráðum.
- Listinn verður tilbúinn nú í lok ágúst og gerður tannlæknum aðgengilegur í gagnagátt SÍ.
- Hver tannlæknir fær þannig lista yfir þá sem hann hefur sinnt skv. gögnum SÍ eftir 1. janúar 2017.
- Einstaklingar skv. listanum teljast skráðir hjá hlutaðeigandi tannlækni við gildistöku samningsins 1. sept. 2018.
- Fjöldi einstaklinga skv. listanum telst tilgreindur lágmarksfjöldi hjá tannlækni skv. 3. gr. samningsins.
- Tannlæknir getur hvenær sem er lokað á frekari skráningu hjá sér með tilkynningu til SÍ. Með tilkynningu til SÍ getur hann með sama hætti opnað fyrir skráningu hjá sér að nýju.

ES
KJ
JVA
FB

S.A.

Bókun II:

Samningsaðilar fela samstarfsnefnd að útbúa lýsingar á nýju aðgerðaliðunum sem komu inn í gjaldskrá með tilkomu rammisamningsins um tannlækningar fyrir aldraða og öryrkja og uppfæra Aðgerðaskrá tannlæknisverka TFÍ og endurgreiðslureglur SÍ, dags. 10.04.2013, sem er fylgiskjal I með samningi aðila um rafræn samskipti og aðgerðaskrá.

ES
KJ
JVA
FB
JBR

S.A.